

Ed.

317. Lög

um breyting á lögum nr. 28, 8. nóv. 1883, um að stofna slökkvilið á Ísafirði.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl).

1. gr.

Í stað 2. málsgr. 2. gr. laganna komi:

Þegar eldsvoði kemur upp, eru allir verkfærir karlmenn í bænum skyldir til að koma til brunans. Þeim er skylt að hlýða fyrirskipunum yfirmannsins yfir slökkviliðinu, eða aðstoðarmanna hans, um alt, er að því lýtur að hjarga úr eldinum, slökkva hann eða varna útbreiðslu hans.

Bæjarstjórnin semur reglugerð um skipun slökkviliðs og um brunamál, er stjórnarráðið staðfestir, og má ákveða sektir, alt að 50 kr., fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Sektir renna í bæjarsjóð Ísafjarðar.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Með mál út af brotum gegn reglugerð þeirri, er um er getið í 2. gr., skal farið sem opinber lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.